

## Mikilvægi heimanáms

Fræðimenn eru ekki sammála um hvort, hvernig og hve mikið heimanám eigi að vera. Tvær mótsagnakenndar kenningar eru uppi um gildi heimanáms.

Annað sjónarhornið beinist að því að börn hafi gott af því að tileinka sér góðar vinnuvenjur og því sé gott fyrir þau að hafa verkefni til að vinna að heima. Einnig fái þau tækifæri til að æfa betur þá færni sem þau hafa lært í skólanum og nái þannig betri tókum á viðkomandi efni.

Hitt sjónarhornið er að það eigi að banna heimavinnu því að það veiki aðeins upp álag á barnið og heimilið. Það eigi að vera nægur tími í skólanum fyrir barnið að æfa og þjálfu upp viðeigandi færni sem kennd er í skólanum (Hjemmearbejde og lektier. Der er sagt både for og imod hjemmearbejde og lektier, 2015).

Rannsóknir í Danmörku og Bandaríkjunum sýna að nemendur læra ekki meira með því að leysa heimavinnu. Hins vegar er það þjálfunin sem nemandinn hlýtur í gegnum heimanámið, sem skiptir máli. Með heimanáminu er nemandinn að ná betri tókum á viðkomandi færni, svokallaðir sjálfvirkni.

Niels Egelund, prófessor við Danska Kennaraháskólann telur að heimavinna hafi jákvæð áhrif á þann hátt að þegar nemendur endurtaki efni sem þeir hafa lært nái þeir betri færni. Það sé ekki ósvipað því að læra að hjóla, eftir sem þú hjólar meira, nærð þú betri tókum á að hjóla og getur hjólað hraðar en í upphafi. Nemendur læri ekki nýja færni en verði betri í því sem þeir hafa þegar lært. (Hjemmearbejde og træning – en ny måde at betragte lektier på, Án árs). Með markvissum heimalestri ná nemendur t.d. meiri leshraða/lesskilningi og verða fljótari að reikna margföldunar- deilingardæmi, ef þeir hafi æft margföldunartöfluna markvisst heima.

Að tala saman (umræður) um úrlausn heimaverkefna hefur sýnt að skili árangri í heimanámi. Börnin nálgast viðfangsefnið (heimanámið) öðruvísi heima fyrir, vegna þess að foreldrarnir ræða um efnið og umræðan fær börnin til að skilja efnið dýpra. Einnig hafa foreldrar meiri tíma (maður á mann) til að útskýra ákveðna hluti fyrir barninu en kennarinn hefur í stórum bekkjardeildum (Susanne Hvilshøj, Án ártals).

Adam Valeur skilgreinir fimm mismunandi heimavinnuverkefni.

- **Þjálfun** - Nemendur þjálfu það sem þeir hafa lært í skólanum s.s. lestur, margföldunartöfluna, málfræðiatríði og reikniaðferðir með áherslu á að ná sjálfvirkni (dýpri skilningi) í viðkomandi þáttum.

- Undirbúningur – Nemendur vinna með nýtt efni, sem þeir eru að tileinka sér, kynna sér efni sem á síðar að fjalla um í skólanum. T.d. vinna KVL<sup>1</sup> – verkefni um „selinn“ heima áður en byrjað er að vinna markvisst með efnið í skólanum. Eða lesa afmarkað efni um Noreg, áður en kennarinn leggur inn efni þar að lútandi.
- Yfirfærsla: Nemendur vinna með þekkta færni á nýjan máta.
- Dýpkun: Unnið með mörg fög til að dýpka þekkingu s.s. ritgerðir sem nemendur vinna að heima, þar sem ekki er tími til að vinna að svo viðamiklum verkefnum eingöngu á skólatíma. Þar getur t.d. fléttast saman landafræði, íslenska, stærðfræði
- Ljúka verkefnum
  - Ljúka við verkefni sem nemendur hafa byrjað að vinna að í skólanum en ekki náð að ljúka.
  - Verkefni sem nemendur njóta aðstoðar fleiri aðila (t.d. mamma/pabbi, amma/afi) og ráðgjöf varðandi lausn þar sem þekking annara nýtist við úrlausn verkefna.

(Hjemmearbejde og træning – en ny måde at betragte lektier på. Principper for hjemmearbejde og træningsøvelser. (2014).

Samkvæmt 5. gr. í „Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila innan skólasamfélagsins í grunnskólum“ kemur fram að:

Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt. Þeim ber að fylgjast með námsframvindu í samvinnu við þau og kennara. Foreldrar skulu fá tækifæri til að taka þátt í námi barna sinna, sem og í skólastarfinu almennt í samráði við umsjónarkennara og skólastjórnendur (Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasafmélagsins í grunnskóla).

Í lögum um grunnskóla, 18. grein, kemur einnig fram að „Foreldrar skulu hafa samráð við skólann um skólagöngu barna sinna, fylgjast með og styðja við skólagöngu þeirra og námsframvindu og stuðla að því að börnin mæti úthvöld í skólann og fylgi skólareglum. Þeir skuli fá tækifæri til að taka þátt í námi barnsins, svo og í skólastarfinu almennt“.

Foreldrar hafa því skyldur gagnvart börnum sínum varðandi heimanám. Heimanám er mikilvægur hluti af námi, til að þjálfa ákveðna færni og styðja við þá þætti sem unnið er með í skólanum.

<sup>1</sup> KVL- Lesskilningsaðferð, þar sem unnið er með forþekkingu (K-kann), hvað vilt þú vita (V-vilt vita) og hvað hefur þú lært í lokin (L-lært).

## Hér eru nokkur einföld ráð til að gera heimavinnuna auðveldari fyrir alla á heimilinu☺

1. **Hafðu skipulag á heimavinnutímanum – rúttínu.** Fastsetjið tíma fyrir heimavinnuna.
2. **Aðstaða - umhverfi.** Veljið rólegan stað á heimilinu fyrir heimavinnuna þar sem barnið á auðvelt með að einbeita sér. Gætið að áreitum vegna sjónvarps, tónlistar eða einstaklinga á heimilinu.
3. **Gögn –** Hafið öll gögn sem barnið þarf við lausn verkefna til staðar s.s. blýantur, litir, verkefnabækur, lestrarbækur, orðabækur, o.fl..
4. **Verið jákvæð gagnvart heimanáminu –** Ræðið við barnið um mikilvægi heimavinnu. Afstaða foreldra skiptir höfuðmáli.
5. **Eftirlíking –** Taktu þátt í heimanáminu með því að vinna að svipuðum verkefnum og barnið. Lestu t.d. á meðan barnið les.
6. **Æfingin skapar meistarann -** Endurtekning styrkir færni. Mikilvægt er að æfa lestur og stærðfræði til að ná sjálfvirkni. 10 – 15 mínútur á dag geta gert kraftaverk í lestrarþjálfun eða stærðfræðitengdum verkefnum.
7. **Leiðsögn – Sjálfstæði -** Þegar barnið biður um hjálp veittu því aðstoð, en ekki gefa upp svörin eða leysa verkefnið fyrir það.
8. **Notaðu tímann vel –** Ef barnið á erfitt með ákveðið verkefni og/eða hluta af verkefni hvettu það þá til að snúa sér að næsta verkefni og leysa það. Of mikill tími við að leysa „erfitt verkefni“ getur gert heimanámið óyfirstíganlegt og barnið vill þá ekki halda áfram og ljúka öðrum verkefnum. Síðar má skoða óleysta verkefnið og kannski hafa þá augu barnsins opnast fyrir lausnum.
9. **Erfið – létt verkefni –** Hjálpið barninu við að finna út hvaða heimaverkefni eru erfið og hvaða verkefni eru létt. Hvettu það til að byrja alltaf á erfiðu verkefnum, á meðan hugurinn er skýr og óþreyttur.
10. **Hlé –** Ef þreyta og gremja kemur upp gefðu barninu örlitla hvíld frá verkefninu.
11. **Fylgstu með –** Þegar barn vinnur að heimaverkefnum missir það stundum einbeitinguna. Athugaðu annað slagið hvernig barninu gengur að vinna að heimaverkefninum og hvettu það. Spurðu hvort það hafi einhverjar spurningar varðandi efnið. Stundum nægir barninu að tala um verkefnið til að finna lausn á því.
12. **Gerðu barnið stolt af vinnunni –** Renndu yfir heimanámið þegar því er lokið og reyndu alltaf að finna eitthvað sem hægt er að hrósa fyrir.
13. **Tímastjórnun –** Kenndu barninu tímastjórnun, hvernig skipuleggja eigi verkefni s.s. ritgerðarsmíðar. Við lengri verkefni er gott að skipta því niður í smærri einingar og ef verkefnið krefst samvinnu fleiri einstaklinga þarf að finna tíma sem hentar öllum til að vinna saman.

14. **Hvetja til forvitni** - Nám hefst þegar börnin byrja að spyrja spurninga. **Hver, hvað, hvar, hvenær og hvers vegna** eru töfraorð til að læra fleiri áhugaverða og skemmtilega hluti.
15. **"Hvernig var dagurinn þinn?"** Spjallaðu við barnið um hvernig og hvað það gerði í skólanum og fáðu það til að segja frá. Vertu góður HLUSTANDI!
16. **Samband við kennarann** – Ef foreldri er óöruggt um heimavinnu barnsins er best að hafa samband við kennarann og fá upplýsingar og ganga úr skugga um tilgang heimavinnunnar. Hvettu einnig barnið til að spyrja kennarann ef það skilur ekki heimaverkefnið. Það hjálpar barninu að þróa samskiptafærni og byggja upp traust við kennarann.
17. **Skólataskan** – Farðu með barninu a.m.k. einu sinni í viku í gegnum skólatöskuna til að ganga úr skugga um hvort þar leynist óunnin heimaverkefni og/eða nestis-afgangar☺.

#### **Unnið upp úr:**

*Five hot homeworks tips for parents, 2013; Tips and Tools for Parents – 10 Tips to help your child with homework, 2012; Sådan hjælper du dit barn med skolen, 2010; General homework tips for parents, 2006.*

#### **Heimildir**

Five hot homeworks tips for parents. (2013). *Home room. The official blog of the U.S. apartment of education.* Sótt 30. júní 2015 af <http://www.ed.gov/blog/2013/01/five-hot-homework-tips-for-parents/>

General homework tips for parents. (2006). *US Department of Education.* Sótt 25. júní 2015 af <http://translate.google.is/translate?hl=is&sl=en&u=http://www.ed.gov/blog/2013/01/five-hot-homework-tips-for-parents/&prev=search>

Hjemmearbejde og lektier. Der er sagt både for og imod hjemmearbejde og lektier. (22. april 2015). *Skole og Forældre.* Sótt 30. júní 2015 af <http://www.skole-foraeldre.dk/artikel/hjemmearbejde-og-lektier>

Hjemmearbejde og træning – en ny måde at betragte lektier på. *Rudersdale kommune.* Sótt 1. júlí 2015 af <https://www.rudersdal.dk/.../C99BDD09AC0C4CC7BAB0...>

Lög um grunnskóla (2008). Sótt 1. júlí af <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Principper for hjemmearbejde og træningsøvelser. (2014). *G:\Skolebestyrelsen\Principper-politikker\Principper for hjemmearbejde januar 2014 endelig.docx*. Sótt 1. júlí 2015 af <http://tinderhoej-skole.skoleporten.dk/sp/UserDocument/File/beaa5c1e-2db8-4c3a-9cb4-a9ec5d225432>

Reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasafmélagsins í grunnskólum. (2011). *Stjórnartíðindi*. Sótt 1. júlí 2015 af <http://stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=ee3c91b7-164b-46ab-9e21-59e3fd3720c2>

Sådan hjælper du dit barn med skolen. (2010). *Søndagsavisen*. Sótt 1. júlí 2015 af <http://sondagsavisen.dk/arbejdsliv/2010-03-05-sadan-hjaelper-du-dit-barn-med-skolen/>

Susanne Hvilshøj. (Án ártals). *Forældreinklusion i skolen*. Forældre som ressource. Sótt 30. júní 2015 af <http://www.skole-foraeldre.dk/artikel/hjemmearbejde-og-lektier>

Tips and Tools for Parents – 10 Tips to help your child with homework. 2012. *abc 123 reach every student*. Ministry of education. Sótt 1. júlí 2015 af <http://www.edu.gov.on.ca/abc123/eng/tips/>